

Nd. 745. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, og lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. gr. laga nr. 35 1940 komi nýr másl., svo hljóðandi:
Í Reykjavík er borgarlæknir einnig sjálfkjörinn í nefndina.

2. gr.

Upphaf 6. gr. sömu laga orðist svo:
Í kaupstöðum utan Reykjavíkur skal bæjarstjórn o. s. frv.

3. gr.

5. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:
Héraðslæknisstörfum í Reykjavíkurborg gegnir borgarlæknir. Skal hann skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar og taka laun úr bæjar-sjóði. Um starfssvið hans að öðru leyti fer eftir reglugerð, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

4. gr.

Fyrir „1000 kr.“ í 1. málsgr. 8. gr. laga nr. 35 1940 komi: 5000 kr.

5. gr.

Ákvæði 3. gr. þessara laga öðlast gildi, þegar núverandi héraðslæknir í Reykjavíkurborg latur af embætti, en þangað til annast borgarlæknir í héraðslæknis stað allt heilbrigðiseftirlit í bænum samkvæmt heilbrigðissamþykkt. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 21 13. júní 1937, um breyting á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna. — Að öðru leyti öðlast lög þessi þegar gildi.